

þessa en til 4. næsta mán., og með því að frestveiting þessi getur eigi haft neinn rjettarmissi í för með sjer fyrir áfrýjanda, þykir rjett að veita hinn umbeðna frest í málinu, sem ekki er gjafsóknarmál.

Fyrir því úrskurðast:

Stefnda veitist eptir beiðni hans frestur í málinu til 4. októbermánaðar næstkomandi.

Mánudaginn 27. septembermánaðar.

Nr. 9/1897:

Margrjet Þorsteinsdóttir

gegn

uppbóðsráðandanum í Rangárvallasýslu, sýslumanni Magnúsi Torfasyni, og Þorvaldi Björnssyni og Jóni Hjörleifssyni sem uppbóðskaupendum.

D ó m u r :

Hinn 29. aprilmán. 1891 framkvæmdi hlutaðeigandi hreppstjóri samkvæmt skipun sýslumanns kyrsetning á fjármunum Þorsteins nokkurs Jónsonar á Rauðsbakka, föður áfrýjandans, sem þá var undir ákæru fyrir hlutdeild í þjófnadi, og áttu fjármunirnir að vera til tryggingar greiðslu væntanlegs málskostnaðar í sakamálinu gegn Þorsteini. Með kyrsetningargjörðinni voru uppskrifaðir og kyrsettir munir, þar á meðal hús nokkur, er Þor-

steinn var talinn eiga á jörðinni, þnefnilega baðstofa, bæjardyr, smiðjuhús og hesthús, og voru munirnir virtir alls 182 kr. Eptir að sakamálið gegn Þorsteini var á enda kljád, hjelt síðan sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, hinn stefndi uppboðsráðandi, að undangenginni auglýsingu þar um, uppboðsþing að Rauðsbakka hinn 24. ágústm. f. á., til að selja lausafje Þorsteins til lúkningar sakamálskostnaðinum, en þá mætti áfrýjandinn á uppboðinu og lýsti sig eiganda fjármuna þeirra, er kyrsettir höfðu verið, sem eign Þorsteins föður hennar og sem voru það eina fjemætt, er um gat verið að ræða upp í málskostnaðinn. Sýslumaður sinni þó eigi þessum mótmælum áfrýjanda, heldur seldi upp í málskostnaðinn fyrnefnd hús, sem kyrsett höfðu verið, fyrir samtals 61 kr., og urðu hinir meðstefndu Þorvaldur Björnsson og Jón Hjörleifsson hæstbjóðandi að húsunum.

Þessari uppboðssölu hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins að fenginni gjafsókn og skipuðum málflytningsmanni, og hefur þess verið krafizt af hennar hendi, að uppboðsgjörðin verði dæmd ómerk og að allir hinir stefndu in solidum eða uppboðshaldarinn í Rangárvallasýslu einn verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum skadabætur fyrir tjártjón það, er hún hefur bedið, eptir dómkvaddra manna mati, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða allan málskostnað að skadlausu, eins og málið ekki væri gjafsóknarmál, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða málflytningsmanns hennar. Af hinum stefndu hefur sýslu-

maður einn látið mæta í yfirdóminum, og hefur þess verið krafizt af hans hendi, að uppboðsgjörðin verði staðfest og hann dæmdur sýkn af kær-um og kröfum áfrýjandans, en áfrýjandinn dæmd til að greiða honum málskostnað með einhverju eptir rjettarins mati hæfilegu.

Með því að mál þetta ber það með sjer, að hinn stefndi sýslumaður hefur án undangenginnar löglegrar aðfarar samkvæmt sakamálsdóminum yfir Þorsteini Jónssyni tekið ýmsa fjármuni, sem hann eignaði Þorsteini, og selt þá á hinu áfrýjanda nauðungaruppboði 24. ágúst f. á. — því að kyrsetningargjörð hreppstjóra er eigi lögmæt aðför —, þá verður ex officio að dæma uppboð þetta ómerkt með öllu, og þar sem áfrýjandinn hefur fært sönnur á það fyrir yfirdóminum, að hún sje eigandi hinna seldu húsa samkvæmt gjafabrjefi foreldra hennar 27. jan. 1883, ber hinum stefnda uppboðsráðanda samkvæmt kröfu hennar að skila henni aptur húsum þessum sem löglegri eign hennar eða verði þeirra eptir 2 óvilhallra dómkvaddra manna mati. Um frekari skaðabætur til hennar virdist aptur á móti eigi geta verið að ræða, þar sem það er fram komið í málinu, að áfrýjandinn hafi haft öll umráð og afnot af húsunum, eptir uppboðið sem áður. Samkvæmt þessum úrslitum ber hinum stefnda uppboðsráðanda að greiða allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað, eins og það væri eigi gjatsóknarmál, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns

áfrýjandans, er ákveðast 15 krónur. Að því málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast að meðferð þess hefur lögleg.

Því dæmist rjett vera:

Hin áfrýjaða uppboðssala 24. ágúst f. á. á ómerk að vera og ber hinum stefnda uppboðsráðanda, sýslumanni Magnúsi Torfasyni, að skila áfrýjandanum Margrjeti Þorsteinsdóttur aptur sem löglegri eign hennar ofantöldum húsum á Rauðsbakka, er seld voru nauðungarsölu á nefndu uppboði, eða að öðrum kosti greiði hann henni andvirði húsanna eptir 2 óvilhallra dómkvaddra manna mati. Svo ber umbodsráðandanum og að greiða allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talið málfutningskaup hins skipaða málfutningsmanns áfrýjanda við yfirdóminn, Gísla yfirrjettarmálaflutningsmanns Ísleifssonar, 15 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.